



Verkfærakista sveitarfélaga í loftslagsmálum

Kynning fyrir stjórn
Sambands íslenskra
sveitarfélaga

25. SEPTEMBER 2020

EYGERÐUR MARGRÉTARDÓTTIR

VERKEFNISSTJÓRI UMHVERFIS- OG
ÚRGANGSMÁLA

SAMBANDI ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


1

Samstarfsvettvangur sveitarfélaga

- Stofnaður 19. júní 2019 og á stofnfundinn mættu fulltrúar 37 sveitarfélaga.
- Settur á fót vinnuhópur um loftslagsmál í september 2019.
- Fjórði fundur tengiliða áætlaður 19. október nk.
- Hátt í 50 sveitarfélög hafa tekið undir yfirlýsingu stofnfundar.

Úr stofnyfirlýsingu:

Sveitarstjórn telur brýnt að ríki og sveitarfélög grípi nú þegar til markvissra og samstilltra aðgerða til að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála og aðlaga íslenskt samfélag að þeim breytingum sem þegar hafa átt sér stað og fyrir séðar eru vegna loftslagsbreytinga.



2

Umgjörð verkfærakistunnar

- Sveitarfélögin og loftslagsmál
 - Fyrsta stefna sveitarfélags í loftslagsmálum 2009.
 - Nokkur sveitarfélög aðili að Covenant of Mayors for Climate and Energy og ýmis önnur vinna í gangi m.a. tengd Landsskipulagsstefnu.
 - Samstarfsvettvangur sveitarfélaga í loftslagsmálum og Heimsmarkmiðum SP stofnaður í júní 2019.
 - Breytingar á lögum um loftslagsmál júní 2019.
 - Umsókn sambandsins í Loftslagssjóð janúar 2020.
 - Sveitarfélögin hafa fulltrúa í Loftslagsráði og Verkefnisstjórn um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og UAR hefur óskað eftir tillögum að fulltrúa í starfshóp um gerð stefnu um aðlögun að loftslagsbreytingum.
- Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2020-2030 samþykkt í júní 2020.
 - Alþjóðlegar skuldbindingar kveða á um 29% samdrátt árið 2030 en ríkisvaldið ætlar að draga úr losun á beinni ábyrgð Íslands um að minnsta kosti 40% og kolefnishlutleysi árið 2040.
- Loftslagsmál sem hluti af Heimsmarkmiðunum.



Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030



3

Verkfærakista - hlutverk og markmið

Verkefninu er ætlað að efla og styðja íslensk sveitarfélög til að vinna aðgerðamiðaða stefnumótun í loftslagsmálum, fylgja henni eftir og vakta árangur sinn. Sveitarfélög munu einnig geta kortlagt árangursríkar aðgerðir til að draga úr losun frá sínum rekstri.

Markmið:

- Að styðja sveitarfélög til að uppfylla kröfur um loftslagsstefnur sveitarfélaga skv. 5. gr. laga um loftslagsmál nr. 70/2012.
- Að til séu aðgengilegar og samræmdar leiðbeiningar og sniðmát fyrir sveitarfélög um allt land til að nota við mótun loftslagsstefnu og aðgerðaáætlunar og fylgjast með framgangi hennar.
- Að til sé einfalt og samræmt verkfæri, losunarreiknir, til að meta losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri sveitarfélaga sem byggir á viðurkenndum viðmiðum og losunarstuðlum.
- Að miðla þekkingu og reynslu um loftslagsmál til og á milli sveitarfélaga.

4


Verkfærakista - afurðir

Verkfærakistan

- Losunarreiknir
- Sniðmát fyrir stefnu og aðgerðaáætlun
- Hugmyndir að aðgerðum
- Fræðslu- og kynningarefni

5

Verkfærakista - mótun og samráð



6

Verkfærakista - tímalína 2020-2021



7

Verkfærakista - stýrihópur

Elva Rakel Jónsdóttir, sviðsstjóri Umhverfisstofnun

Erla Finnbjörnsdóttir, lögfræðingur Umhverfisstofnun

Guðjón Bragason, sviðsstjóri Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Hrönn Hrafnisdóttir, sérfræðingur Reykjavíkurborg

Helga Barðadóttir, sérfræðingur umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Hlutverk (drög):

- Tryggja árangursríka samvinnu aðila sem standa að gerð verkfærakistunnar.
- Yfirumsjón með mótun verkfærakistunnar.
- Rýnir afurðir verkefnisins.

8